

Upplýsingar um **ÁSTANDSSKOÐANIR** og kaup & sölu notaðra bíla

Ástandsskoðanir

Í mörgum af skoðunarstöðvum Frumherja hf. er boðið upp á nokkrar gerðir ástandsskoðana. Viðskiptavinir ættu alltaf að geta fundið einhverja skoðun sem hentar þeim hverju sinni. Við skoðanirnar starfa þrautþjálfaðir skoðunarmenn sem nota fullkomin tæki til að meta ástand búnaðar, t.d. hemlaprófara til að skoða virkni bremsubúnaðar, mengunarmæla sem m.a. gefa hugmynd um ástand eldsneytiskerfis, lakkþykktarmæla sem geta bent á viðgerðir á yfirbyggingu eða sprautuvinnu, hristara sem notaðir eru til að skoða hjóla- og stýrisbúnað, og fleiri tæki. Á Hesthálslí í Reykjavík og á Dalshrauni í Hafnarfirði eru auk þess demparaprófari sem mælir ástand höggdeyfa en má einnig nota til að finna skrölt í bílum, og loks hjólstefnumælir sem mælir stefnu allra hjóla og gefur upplýsingar um dekkjaslít.

Söluskoðun

Söluskoðun er hugsuð fyrir þá sem eru að kaupa eða selja bifreið. Skoðunin tekur að jafnaði um 30-40 mínútur.

Í söluskoðun er m.a. farið yfir öll skoðunatriði sem venjulega eru framkvæmd í aðalskoðun en til viðbótar er ástand lakks, ryðvarnar, innréttingar, sæta og fleiri atriða könnuð. Bílnum er einnig reynsluekið.

Niðurstöður skoðunarinnar eru færðar á tölvutækt form og út er gefin sérstök ástandsskoðunarskýrsla með ferilskýrslu ökutækisins í ökutækjaskrá. Niðurstöður eru vandlega kynntar fyrir viðskiptavinum.

Boðið er upp á söluskoðun á skoðunarstöðvum Frumherja hf. á Akureyri, Hesthálslí í Reykjavík, Dalshrauni í Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Fellabæ og Selfossi.

Ferðaskoðun / Yfirlitsskoðun

Skoðunin hentar þeim sem vilja láta athuga helstu öryggisþætti bifreiðar. Hún er því aðallega ætluð þeim sem eru að fara í ferðalag og þurfa faglega umsögn um mikilvæg öryggisatriði eigin bíls. Skoðunin hentar einnig þeim sem eru að kaupa bíl og þurfa faglega prófun á mikilvægum öryggisþáttum (s.s. hemlum), en hafa sjálfir faglega þekkingu á öðrum hlutum, eða þeim sem hafa vit

Kaup og sala notaðra bíla

Kaupandi á rétt á því að láta óháðan aðila ástandsskoða fyrir sig þann bíl sem hann er hugsa um að kaupa. Frumherji hf. er óháð skoðunarstofa sem uppfyllir öll skilyrði þar að lútandi og vinnur eftir vel skilgreindum verklagsreglum við framkvæmd ástandsskoðana. Með ástandsskoðunum fylgir ferilskýrsla bílsins úr ökutækjaskrá. Á skoðunarstöðvunum er hægt að greiða opinber gjöld, einnig er tekið á móti eigendaskipta-tilkynningum, svo hægt er að ganga frá sölunni á staðnum. Hjá Frumherja hf. fást allar frekari upplýsingar.

á bílum og eru að kaupa sér bíl en vantar skoðunar- aðstöðu. Skoðunin tekur að jafnaði um 10-15 mínútur.

Farið er yfir virkni helstu ljósa, virkni aksturshemla og undirvagn athugaður m.t.t. slits í stýrisbúnaði, slits í vélrænum hlutum hjólabúnaðar og styrkleikamissis burðarvirkis.

Allar athugasemdir eru skráðar á skoðunarvottorð sem viðskiptavinur fær afhent að lokinni skoðun.

Boðið er upp á þessa skoðun á öllum skoðunarstöðvum Frumherja hf.

Bilanaskoðun

Þessi skoðun er aðallega ætluð þeim sem eru með óskilgreinda bilun (óhljóð, leki, röng virkni o.þ.h. bilanir) í bílnum sínum og langar að fá að vita eðli bilunarinnar svo hægt sé að velja verkstæði sem gerir nákvæmlega við þá bilun. Áætlaður tími sem skoðunin tekur er á bilinu 10-15 mínútur.

Skoðuð eru þau atriði sem viðskiptavinur biður um að séu skoðuð með það að markmiði að finna út hvað er bilað. Reiknað er með að um sé að ræða eitthvert eitt einangrað tilfelli sem beðið er um skoðun á.

Boðið er upp á þessa skoðun á öllum skoðunarstöðvum Frumherja hf.